

Alþingi
Erindi nr. P 132/395
komudagur 2.12.2005



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Akureyri 30. nóvember 2005

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalapátttöku, áhrifa og valda kvenna, 29. mál.


Með bréfi dags. 22. nóvember 2005 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um ofangreinda þingsályktunartillögu. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:


Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólk Jafnréttisstofu telur því mikilvægt að vinna kannanir eins og þá sem þingsályktunartillagan leggur til, en telur einnig nauðsynlegt að ljóst sé hver tilgangurinn er og hvernig eigi að nota niðurstöðurnar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, þá er hlutur kvenna í valdastöðum, bæði á þingi og í sveitarstjórnnum mun rýrari en karla. Það sama gildir um konur í fjölmiðlum, og því er mikilvægt að kanna það hver hugur fjölmiðlafólks er til jafnréttis kynjanna. Þá leggur starfsfólk Jafnréttisstofu til að í umræddri könnun verði þáttastjórnendur og annað fjölmiðlafólk spurt hvort það þekki til starfsemi Kvennaslóða (kvennaslodir.is) og hvort það hafi notað sér þann gagnabrunn, en Kvennaslóðir voru settar á fót til að gera fjölmiðlafólki auðveldara að finna konur með sérþekkingu á tilteknu sviði sem tilbúnar væru að koma fram í fjölmiðlum.

Starfsfólk Jafnréttisstofu telur þetta jákvætt frumkvæði að mikilvægum málaflokki og vonar að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Silja Bára Ómarsdóttir
sviðsstjóri